

Kröfugerð Verkalýðsfélags Akraness

1. Breytingar á launatöflu

- Lágmarkstekjutrygging verði kr. 250.000
- Ný launatafla taki gildi, þar sem lægstu 16 launaflokkarnir falla út og launaflokkur 17 í síðustu launatöflu verði að launaflokki 1 í nýrri launatöflu og byrji að telja þaðan.
- Því til viðbótar verði tekið meira tillit til starfsaldurshækkana og launafólk njóti umbunar fyrir tryggð við fyrirtækið. Laun hækki um 1% eftir eins árs starf, 3% eftir þrjú ár, 5% eftir fimm ár og 7% eftir sjö ára starf talið frá byrjunarlaunum. (Í gömlu töflunni var einungis 3,3% launamunur á milli byrjendalauna og 7 ára starfsaldurs.)
- Vegna góðrar afkomu vissra atvinnugreina þá þarf sérstaklega að huga að enn frekari hækkun á innröðun ákveðinna starfa sem tilheyra þeim atvinnugreinum sem hafa verið að skila góðri afkomu eins og t.d.
 - Fiskvinnslufólks
 - Starfsfólki í ferðaþjónustu

Launatafla gildir frá 1. desember 2013

	Byrjunarl	1 ár (1%)	3 ár (3%)	5 ár (5%)	7 ár (7%)
Launaflokkur 1	220.000	222.200	226.600	231.000	235.400
Launaflokkur 2	221.988	224.208	228.647	233.087	237.527
Launaflokkur 3	224.005	226.245	230.726	235.206	239.686
Launaflokkur 4	226.052	228.313	232.834	237.355	241.876
Launaflokkur 5	228.131	230.412	234.975	239.537	244.100
Launaflokkur 6	230.240	232.542	237.147	241.752	246.357
Launaflokkur 7	232.381	234.704	239.352	244.000	248.647
Launaflokkur 8	234.554	236.900	241.591	246.282	250.973
Launaflokkur 9	236.760	239.128	243.863	248.598	253.334
Launaflokkur 10	239.000	241.390	246.170	250.950	255.730
Launaflokkur 11	241.273	243.685	248.511	253.336	258.162
Launaflokkur 12	243.580	246.016	250.888	255.759	260.631
Launaflokkur 13	245.923	248.382	253.300	258.219	263.137
Launaflokkur 14	248.301	250.784	255.750	260.716	265.682
Launaflokkur 15	250.715	253.222	258.236	263.251	268.265
Launaflokkur 16	253.166	255.697	260.761	265.824	270.887
Launaflokkur 17	255.654	258.210	263.323	268.437	273.550
Launaflokkur 18	258.180	260.762	265.925	271.089	276.253
Launaflokkur 19	260.745	263.352	268.567	273.782	278.997
Launaflokkur 20	263.349	265.983	271.250	276.516	281.783
Launaflokkur 21	265.993	268.653	273.973	279.293	284.613
Launaflokkur 22	268.678	271.365	276.738	282.112	287.485
Launaflokkur 23	271.404	274.118	279.546	284.974	290.402
Launaflokkur 24	274.172	276.914	282.397	287.880	293.364
Launaflokkur 25	276.983	279.752	285.292	290.832	296.371

2. Almennar launahækkanir

- Almennar launahækkanir skulu vera 3,5% til viðbótar við hækkun neysluvísitölu hvert það ár sem samningurinn gildir. Þetta er sama prósentutala og ávöxtunarviðmið lífeyrissjóðanna.

3. Samningstími

- Félagið er tilbúið að skoða lengd samningstíma með opnum huga, en telur hins vegar fráleitt að semja til skemmri tíma en eins árs og að hámarki til þriggja ára.

4. Desember- og orlofsuppbætur

- Desemberuppbót verði kr. 62.100
- Orlofsuppbót verði kr. 38.700

5. Lífeyrisréttindi

- Verkalýðsfélag Akraness hafnar algerlega hækkun iðgjalda í samtryggingu lífeyrissjóðanna á meðan ekki hefur verið sýnt fram á sjálfbærni lífeyrissjóðanna.
- Félagið telur að sé til staðar svigrúm eigi að nota það annað hvort til hækkunar á séreignargreiðslu eða þá til almennra launahækkana.

6. Krafa á hendur stjórnvöldum

- Hækkun persónuafsláttar.
- Hækkun bóta almannatrygginga, svo sem atvinnuleysisbóta, örorkubóta.
- Komið verði á fót þríhliða samkomulagi stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna um stofnun leigufélaga þar sem markmiðið verður að tryggja öruggan búseturétt til langframa á viðráðanlegum kjörum.
- Unnið verði að mótun nýs félagslegs húsnæðiskerfis í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.